

Forsætisráðuneyti
Lækjargötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík 7. ágúst 2020

Umsögn um frumvarp til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Mál nr. 126/2020.

Í 6. gr. frumvarps til laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna er vísað til ÍST 85:2012. Í núgildandi lögum er eingöngu vísað til ÍST 85. Undanfarin misseri hefur staðið yfir endurskoðun á staðlinum. Þegar henni lýkur fær staðallinn nýja ártalstilvísun.

Staðall er opinbert skjal sem hefur að geyma tæknileg viðmið sem varða til dæmis tiltekna virkni. Með tilvísun til ÍST 85 í núgildandi löggjöf var ætlunin að tryggja að markmiðum með löggjöfinni yrði náð og nýta til þess lausn sem hagsmunaaðilar höfðu sammælt um. Staðlar verða til með sammæli hagsmunaaðila á tilteknu sviði og stjórnvöld eru því virkir þátttakendur í staðlagerð. Það á einnig við um yfirstandandi endurskoðun ÍST 85.

Staðlar eru markvisst nýttir um allan heim til að styðja við löggjöf og fyrirætlanir á mörgum sviðum auk þess að tryggja hagkvæmni, skilvirkni, gæði, öryggi og neytendavernd. Tilgangur með tilvísun til staðla í löggjöf er að með því kemst löggjafinn frá því að endurskrifa tæknilegar kröfur inn í lög og reglugerðir. Þessi aðferð lágmarkar því þörf fyrir endurskoðun á tæknilegum kröfum í laga- og reglugerðatexta enda fer endurskoðunin fram á vettvangi Staðlaráðs Íslands með sammæli hagsmunaaðila sem koma sér saman um inntak viðmiða. Hérlandis er til dæmis að finna margskonar tilvísanir til staðla í byggingalöggjöf þar sem sagt er til um lágmarkskröfur til framkvæmda, virkni hluta og kröfur sem gerðar eru til ýmissa byggingavara. Staðlar eru einnig mikið notaðir í Evrópurétti til að tryggja einsleitun innri markað ESB. Má þar nefna til dæmis skilgreiningu lágmarkskrafna sem gerðar eru til CE merktra vara. Í því felst einnig samkomulag um samræmismat og samræmt opinbert markaðseftirlit og má í því sambandi vísa til 9. gr. laga nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu þar sem segir að vara teljist örugg ef hún uppfylli skilyrði sem koma fram í íslenskum stöðlum.

Stöðlum er viðhaldið og þeir því endurskoðaðir með reglulegu millibili m.a. til að tryggja að haldið sé í við tækniþróun hverju sinni og að þeir endurspegli bestu venjur og viðmið. Endurskoðun sem leiðir af sér breytingu á staðli gerir það að verkum að eldri útgáfa ógildist. Þá eru staðlar einnig beinlínis felldir úr gildi, séu þeir taldir með öllu úreltir. Fulltrúar stjórnvalda taka alla jafna virkan þátt í endurskoðun staðla.

Tilvísanir til staðla í löggjöf er með ýmsum hætti:

a. Hægt er að skilgreina kröfur í lögum en gefa möguleika á að fylgja kröfum tiltekins staðals og geri menn það teljist þeir uppfylla kröfur laganna. Dæmi um það má finna í grein 1.2.2. í byggingarreglugerð segir að sé vísað til ákveðins staðals í reglugerðinni teljist ákvæði hennar uppfyllt ef fylgt er ákvæðum staðalsins. Sé öðrum aðferðum eða stöðlum beitt skuli rökstutt að kröfur séu uppfylltar með sambærilegum hætti.

b. Í löggjöf er einnig víða gert ráð fyrir að t.d. tilteknar vörur uppfylli kröfur sem sagt er til um í stöðlum. Byggingarvörur skulu til að mynda ávallt uppfylla ákvæði samhæfðra staðla sem gefnir eru út á grundvelli tilskipunar nr. 89/101/EBE með síðari breytingum.

c. Dagsettar eða ódagsettar tilvísanir. Þegar vísað er til staðla í lögum án ártals er nýjasta útgáfa hans í gildi hverju sinni og breytingar sem kunna að verða á honum við endurskoðun rata þannig inn í löggjöfina. Sé hins vegar vísað til tiltekinnar útgáfu eins og gert er í frumvarpinu sem hér er til umfjöllunar þarf löggjafinn að breyta tilvísun til staðalsins í lögum, og vísa þá til nýrrar útgáfu, til þess að tilvísunin haldi gildi sínu enda þýðingarlaust að vísa til staðals sem ekki er gildur. Þess utan geta vottunaraðilar ekki vottað jafnlaunakerfi skv. úreltri útgáfu staðals.

Frekari upplýsingar um samspil staðla og löggjafar má finna í útgefnu riti Staðlaráðs Íslands, *Staðlar og löggjöf* á vef ráðsins https://www.stadlar.is/media/57237/stadlarad_stadlar_og_loggjof_2020.pdf

Skv. ofangreindu er rétt að áréttu að tilvísun til ÍST 85:2012 er eingöngu tilvísun til fyrstu útgáfu staðalsins og tekur ekki til nýrrar útgáfu sem unnið hefur verið að á vettvangi Staðlaráðs undanfarin misseri og stefnt er að, að taki gildi innan skamms. Taki ný útgáfa gildi verður tilvísun til ÍST 85:2012 merkingarlaus enda ekki unnt að votta jafnlaunakerfi skv. staðli sem ekki er í gildi. Skv. því þarf að breyta tilvísun til staðalsins síðar, sé ætlunin að viðhalda ákvæðinu sem gerir ráð fyrir að tiltekin fyrirtæki afli sér vottunar á jafnlaunakerfi sín.

f.h. Staðlaráðs Íslands



Helga Sigrún Harðardóttir
framkvæmdastjóri